

Stöðumat fyrir nýkomna nemendur með fjölbreyttan
tungumála- og menningarbakgrunn

Stikum af stað

Handbók





Endurskoðun:

Berglind Hansen
Þorbjörg Halldórsdóttir

Yfirllestur og fagleg ráðgjöf fyrir læsi:

Helga Ágústsdóttir
Ragnheiður V. Sigtryggisdóttir

Yfirllestur og fagleg ráðgjöf fyrir talnaskilning:

Jóhann Örn Sigurjónsson
Tanya Helgason

Umbrot og hönnun:


Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Myndhöfundur:

Viktoría Buzukina

Málfarslestur:

Diljá Þorbjargardóttir



Efnisyfirlit

Hvað er stöðumat?	4
Um túlkun	5
Framkvæmd stöðumats	6
Uppbygging og innihald	6
Fyrirlögn	6
Almennar viðtalsreglur	8
Fyrsta skref	9
Kynningarviðtal	9
Aðlögun viðtals vegna nemenda með sérþarfir	9
Viðtalið	9
Tungumál	9
Fyrri skólaganga	10
Reynsla og áhugamál	10
Væntingar	10
Annað skref	11
Læsi	11
Leið A og A1	13
Leið B og B1	14
Talnaskilningur	15
Leið A	16
Leið B	17
Aðlögun vegna sérþarfa	19
Heimildir	20

Stöðumat nýkominna nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn


Hvað er stöðumat?

Stöðumatinu er ætlað að draga fram styrkleika, kunnáttu og fyrri reynslu nýkominna nemenda á Íslandi ásamt því að kanna bakgrunnsþekkingu þeirra. Upplýsingar úr stöðumati á að nýta við gerð námsáætlana. Stöðumatið veitir tækifæri til þess að spyrja út í stuðningsþarfir barnsins og leggja grunn að farsælu samstarfi heimilis og skóla. Í kafla 7.13 í aðalnámskrá grunnskóla (2011/2021) er skýrt kveðið á um mikilvægi þess að meta stöðu nemenda við upphaf náms:

Skólum ber samkvæmt 16. gr. laga um grunnskóla (2008) að fylgja móttökuáætlun, sinni eigin eða sveitarfélagsins, sem byggir á bakgrunni nemenda, tungumálafærni og fyrri skólagöngu. Auk þess að taka mið af hæfni á ýmsum námssviðum og styrkleikum hvers og eins. Leggja skal fyrir stöðumat á þessum þáttum á sterkasta tungumáli nemandans.

Stöðumatið var upprunalega gefið út af Skolverket (2023) í Svíþjóð árið 2016. Stýrihópur á vegum sveitarfélaganna Árborgar, Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar átti frumkvæði að samskiptum við Skolverket um aðgang að matstækinu fyrir íslenskt skólasamfélag. Í samstarfi við Menntamálastofnun var fengið leyfi til að þýða matstækið á íslensku. Einnig voru fengin leyfi til að nýta texta og myndir í matstækinu hjá höfundum. Leiðbeiningar og matsgögn voru þýdd af stýrihóp sveitarfélaganna árið 2018 og gerð aðgengileg á heimasíðu Menntamálastofnunnar árið 2020.

Árið 2025 voru leiðbeiningar með stöðumatinu endurskoðaðar hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu með hliðsjón af gildandi lögum og reglum á Íslandi og aðlagðar að íslensku skólasamfélagi. Stöðumatið var endurútgefið sem hluti af Matsferli Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og hefur fengið heitið *Stikum af stað*.



Um túlkun

Hlutverk túlks við stöðumatið er að miðla upplýsingum þannig að öll viðstödd skilji hvert annað. Gæði túlkunar hefur áhrif á stöðumatið. Mælt er með því að leita til viðurkenndrar túlkabjónustu.

Sum tungumál, sem töluð eru á stórum málsvæðum, hafa þróast á ólíkan hátt og það er misjafnt hversu vel fólk skilur hvert annað jafnvel þótt það tali sama tungumál (t.d. arabíska, kúrdíska, bosníska, króatíska, spænska og mörg fleiri). Þess vegna er brýnt að ganga úr skugga um að túlkurinn kunni tungumál nemandans.

Túlkur skal túlka allt sem sagt er án þess að sleppa neinu, breyta eða bæta við. Hann á að vera hlutlaus gagnvart því sem sagt er og þeim sem taka þátt. Huga þarf að því að engin persónuleg tengsl séu á milli fjölskyldu og túlks til þess að gæta að hlutleysi.

Mikilvægt er að túlkurinn sé vel undirbúinn og hafi fengið upplýsingar um efnið fyrir fram. Ef túlkun getur ekki farið fram á staðnum kemur til greina að nýta túlkun í gegnum síma eða fjarfundabúnað.

Farið vel yfir hlutverk túlksins og annarra í viðtalinu áður en það hefst til að tryggja að viðtalið gangi sem allra best. Mikilvægt er að nemandanum líði vel í viðtalinu og hann finni að spurningum sé ávallt beint til hans en ekki til túlksins.



Framkvæmd stöðumats

Uppbygging og innihald

Stöðumatið er lagt fyrir á sterkasta tungumáli nemandans. Finna má þýðingar á textum úr læsishluta stöðumatsins á 39 tungumálum.

Stöðumatið skiptist í tvö skref:

Fyrsta skref – Kynningarviðtal

Í fyrsta viðtali mæta foreldrar með barninu. Í því er rætt um tungumál, fyrri skólagöngu, reynslu, áhugamál og væntingar. Markmið fyrsta stigs er að kynnast barninu, styrkleikum þess og að tengjast nýjum nemanda. Þar gefst tækifæri til þess að eiga samtál um það sem kann að virka framandi í nýjum skóla.

Annað skref – Læsi og talnaskilningur

Læsi og talnaskilningur tilheyrir öðru skrefi stöðumatsins. Í þeim viðtölum mætir barnið án foreldra.

Markmið læsishlutans er að öðlast skilning á læsisreynslu barnsins og hvaða færni það býr yfir. Matið snýst um að afla mikilvægra upplýsinga um þekkingu nemandans, fyrri læsisreynslu, styrkleika og þarfir.

Læsishlutinn byggir á tveimur leiðum, leið A og leið B, háð því hversu langt nemandinn er kominn í lestrar- og ritunarnámi sínu.

Markmið talnaskilningshlutans er að kanna skilning barnsins út frá hlutbundnum verkefnum sem reyna á rökhugsun, talnaskilning og færni til þess að beita stærðfræðilegum hugtökum í raunverulegum aðstæðum.

Talnaskilningur byggir á tveimur viðtalsrömmum og verkefnum fyrir:

- Nemendur í 1.- 4. bekk (eða þau sem hafa 1-4 ára skólagöngu)
- Nemendur í 5.-10. bekk (eða þau sem hafa 5-10 ára skólagöngu)

Fyrirlögn

Hverjir eru viðstaddir?

Æskilegt er að þeir kennarar sem taka þátt í viðtalinu séu þeir sem komi til með að kenna nemandanum. Þarna gefst gott tækifæri til að kynnst nemandanum á grundvelli styrkleika hans svo hægt sé að nýta þær upplýsingar við skipulag náms.

Fyrsta skref

Kynningarviðtal

- Nemandi
- Foreldrar/forsjáradilar
- Umsjónarkennari nemanda
- Kennari í íslensku sem öðru tungumáli
- Deildarstjóri stoðþjónustu (eða annar stjórnandi)
- Túlkur

Annað skref

Læsi

- Nemandi
- Umsjónarkennari nemanda
- Kennari í íslensku sem öðru tungumáli
- Túlkur


Talnaskilningur

- Nemandi
- Umsjónarkennari nemanda
- Kennari í stærðfræði
- Túlkur

Hvenær á að leggja stöðumatið fyrir?

Þegar barn hefur nám í skólanum er tímabært að leggja fyrsta skrefið fyrir. Samkvæmt aðalnámskrá (2011/2021) skal áætlun um nám byggja á niðurstöðum úr stöðumati og móttökuvíðtali. Fljótlega eftir það skal leggja fyrir annað skref stöðumatsins, læsi og talnaskilning.

Aðeins er einn hluti stöðumats tekinn fyrir í einu og hver hluti tekur um klukkustund.



Á hvaða tungumáli er stöðumatið lagt fyrir?

Stöðumatið er lagt fyrir á sterkasta tungumáli nemandans. Hafa verður í huga að málheimur barna getur verið afar fjölbreyttur. Fjöltyngi er útbreitt og víða í heiminum eru skólatungumál barna ekki þau sömu og heimatungumál þeirra.

Í sumum tilvikum getur verið æskilegt að nota fleiri en eitt tungumál við stöðumatið. Í fyrsta skrefi er kannað hvort fyrra nám nemandans hafi farið fram á sama tungumáli og talað er á heimili hans. Ef ekki gæti þurft að velja skólatungumálið í öðrum hluta fyrir læsi og talnaskilning. Mikilvægt er að velja tungumál í samráði við nemandann.

Traustvekjandi umhverfi

Aðlaga þarf viðtalið eftir aldri og þroska nemanda. Mikilvægt er að skapa þægilegt og traustvekjandi umhverfi þannig að nemandanum líði vel og eigi auðvelt með að tjá sig í aðstæðunum.

Almennar viðtalsreglur

Í viðtölum skal:

- bjóða nemanda og forsjáraðila velkomin
- kynna öll viðstödd og segja hvaða hlutverk hvert og eitt hefur
- segja frá tímalengd viðtals og það sé ekki próf
- upplýsa um að valfrjálst sé fyrir nemanda og forsjáraðila að svara spurningum
- útskýra markmið og framkvæmd þess hluta stöðumats sem við á
- að hvetja nemanda og forsjáraðila til að spyrja um það sem þeim finnst óljóst

Nemandi með rofna skólagöngu


Ef nemandinn hefur enga eða rofna skólagöngu að baki er mikilvægt að taka sérstaklega vel eftir því hvaða færni nemandi hefur öðlast úr óformlegu námi.

こんにちは ...

فاتہ

Halló

Salut



Fyrsta skref

Kynningarviðtal

Fyrsta skref stöðumatsins er viðtal við nemanda og forsjáraðila til að kynnast honum, komast að því hvaða tungumál nemandi kann og hvaða reynslu hann býr yfir, bæði úr formlegu og óformlegu námi. Upplýsingar úr viðtalinu skal nýta við gerð námsáætlana nemandans. Mikilvægt er að nemandi fái tækifæri til að nýta tungumálaþekkingu sína í námi.

Fylgigögn

Kynningarviðtal - viðtalsrammi

Svör nemanda eru skráð jafnóðum í viðtalsrammann en að loknu viðtali eru upplýsingar skráðar í skráningarform aftast í viðtalsramma.

Aðlögun viðtals vegna nemenda með sérþarfir

Skoða þarf hvers konar aðlögun er viðeigandi þegar nemandi er með sérþarfir. Til dæmis getur sá sem tekur viðtalið beint spurningum sínum til forsjáraðila ef nemandi á erfitt með að svara spurningum sjálfur. Æskilegt er að deildarstjóri stoðþjónustu sé viðstaddur og hugsanlega þarf sérkennari sem kennir barninu einnig að vera viðstaddur. Í viðtalsramma koma nokkrar spurningar sem eru sérstaklega ætlaðar til að kanna stöðu þeirra sem eru með sérþarfir.

Viðtalið

Fara skal eftir almennum viðtalsreglum (sjá í Framkvæmd stöðumats). Markmið og framkvæmd stöðumatsins eru útskýrð þ.e. að fá upplýsingar um bakgrunn og reynslu nemanda svo hægt sé að kynnast honum og skipuleggja námið sem best. Spurt verður um tungumál nemanda, fyrri skólagöngu, áhugamál og væntingar til skólans

Tungumál

Mikilvægt er að kortleggja málheim barnsins og komast að því hvert sterkasta tungumál þess er. Sterkasta tungumálið þarf ekki endilega að vera tungumálið sem nemandinn hefur notað heima fyrir eða í fyrri skólagöngu. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar þar sem annað skref stöðumatsins er lagt fyrir á sterkasta tungumáli nemandans. Í fyrsta viðtalinu á sér stað samtal við nemanda og fjölskyldu um tungumál. Huga þarf að því að nemendur geta kunnað önnur tungumál en foreldrar og stundum gleymist að nefna tungumál sem ekki eru opinber mál og hafa e.t.v. stöðu minnihlutamála.

Til stuðnings getur sá sem stýrir viðtalinu sagt frá þeim tungumálum sem hann kann og hvernig hann notar þau.

Fyrri skólaganga

Námsáætlun skal byggja á upplýsingum um fyrri skólagöngu nemanda. Spurningarnar hafa það að markmiði að fá nokkurs konar mynd af skólareynslu nemandans, hvaða námsgreinum hann hefur fengið kennslu í, kennsluhætti sem hann hefur reynslu af og upplifun af námi. Ef nemandinn hefur ekki verið í skóla er þeim spurningum sleppt. Alltaf má sleppa spurningum eða bæta við. Til stuðnings getur verið gott að nota lista yfir þær námsgreinar sem eru kenndar í skólanum og einnig getur verið ákjósanlegt að hafa stundatöflu til hliðsjónar.

Reynsla og áhugamál

Upplýsingar um reynslu og áhugamál eru mikilvægar þar sem nám fer ekki einungis fram í skóla. Upplýsingarnar eru sérstaklega mikilvægar ef nemendur hafa rofna skólagöngu því að nemandi getur búið yfir hæfni og reynslu af fjölbreyttum vettvangi t.d. í eldamennsku, afgreiðslustarfi, íþróttum, tölvum, tónlist o.fl. Til stuðnings getur sá sem tekur viðtalið sagt frá eigin áhugamálum.

Væntingar

Nemandi er spurður um væntingar sínar til íslenska skólans. Hér getur ýmislegt haft áhrif svo sem fyrri skólareynsla. Hægt er að nýta tækifærið til þess að ávarpa atriði svo sem réttindi og skyldur, skólavenjur á Íslandi eða í þessum skóla. Samtal um þessi atriði getur létt undir upphaf skólagöngunnar á Íslandi, auðveldað allt móttökuferlið og stuðlað að jákvæðum samskiptum heimilis og skóla.

Annað skref

Læsi

Læsiskunnátta og læsisreynsla er metin á sterkasta tungumáli nemanda. Annars vegar er læsiskunnátta metin með lestri á textum og verkefnum úr þeim og hins vegar með samtali um læsisreynslu. Hægt er að hafa hæfniviðmið í íslensku úr 19. kafla í aðalnámskrá grunnskóla (2013/2024) til hliðsjónar til þess að draga fram kunnáttu í öllum þáttum læsis á sterkasta tungumáli nemanda.

Viðtal og verkefni

Valin er leið á grunni upplýsinga úr fyrsta skrefi.

Læsishluti stöðumatsins skiptist í:

- Leið A fyrir nemendur á byrjunarstigi í lestri og ritun
- Leið B fyrir nemendur sem lesa og skrifa
 - Textar í verkefnaheftum 1, 2 eða 3

Spurningar úr textum eru flokkaðar eftir þyngdarstigum miðað við aldur og sjá má flokkunina í töflum aftast í viðtalsrömmum fyrir hvert verkefnahefti.

Grænar spurningar teljast auðveldar miðað við aldur.

Gular spurningar teljast meðalþungar miðað við aldur.

Rauðar spurningar teljast þungar miðað við aldur.

Svör nemanda eru skráð í viðtalsrammann en að loknu viðtali eru svör úr verkefnahefti nemanda skráð í töflu aftast í viðtalsramma.

Hafa þarf í huga að með stöðumatinu er verið að meta almenna hæfni í læsi en ekki þekkingu á námsorðaforða.



Leið A og A1

Leið A og A1 eru fyrir nemendur sem eru á byrjunarstigi í læsi og hafa litla eða enga reynslu af því að lesa og skrifa. Hún er ætluð bæði yngri og eldri nemendum með stutta skólagöngu að baki.

Fylgigögn

- Leið A-A1. Viðtalsrammi
- Verkefnahefti - velja annað hvort:
 - Verkefnahefti leið A - Þýðing á tungumáli nemanda
 - Verkefnahefti leið A1 - Aðlagað efni (þýðing ekki til)
- Læsi - myndir. Sömu myndir eru notaðar í leið A og B
- Ritföng fyrir nemanda

Viðtal og verkefni

Farið eftir almennum viðtalsreglum.

Stuðst er við viðtalsramma leið A-A1 og verkefnahefti leið A. Verkefnahefti leið A1 er aðeins notað ef verkefnahefti leið A er ekki til á tungumáli nemandans.

Verkefnahefti leið A og A1

- Verkefni 1-að skrifa nafn, aldur, orð og tákn
- Verkefni 2-að segja heiti bókstafa*
- Verkefni 3-að þekkja stafi latneska stafrófsins. Aðeins lagt fyrir ef latneska stafrófið er ekki notað í tungumáli nemandans
- Verkefni 4-að lesa orð
 - Ef nemandi getur EKKI lesið orðin í verkefni 4 þá er farið í beint í verkefni 6 og sagan lesin af túlki*
- Verkefni 5-að lesa setningar
 - Ef nemandi getur EKKI lesið setningar í verkefni 5 þá er sagan lesin af túlki í verkefni 6*
- Verkefni 6 – hlustunar- og lesskilningur, Ljónið og refurinn

* Í verkefnahefti leið A1 í verkefnum 2, 4 og 5 er gert ráð fyrir aðstoð túlks eða einhvers sem getur skrifað á blöðin stafi, orð og setningar á tungumáli nemandans. Gera þarf ráð fyrir viðbótarundirbúningstíma með túlki áður en barnið mætir í viðtalið.


Viðtal um læsi

Í þessum hluta er nemandinn spurður um læsisreynslu sína. Spurningar eru aðlagðar að aldri og fyrri skólagöngu nemandans og myndir notaðar til stuðnings ef þarf.

Spurningar beinast að reynslu barnsins af:

- ritmáli og fjölmiðlum
- ritun
- stafrænni tækni
- hlustun
- munnlegri frásögn
- annarri læsisreynslu

Í lokin er hægt að ræða stuttlega um það sem nemandinn myndi vilja geta lesið og skrifað þegar hann er búinn að læra það betur. Einnig má spyrja nemandann hvort það sé eitthvað fleira sem hann vilji segja frá eða spyrja um.



Leið B og B1

Leið B er fyrir nemendur sem lesa og skrifa ef verkefnahefti er til á tungumáli sem nemandinn kann. Annars er farin leið B1.

Textarnir í leið B skiptast í þrjú verkefnahefti á ólíku þyndarstigi. Verkefnahefti 1 miðar við yngsta stig, verkefnahefti 2 við miðstig og verkefnahefti 3 við unglingastig. Athugið að velja skal texta út frá upplýsingum um nemanda eftir fyrsta viðtal um fyrra nám barns fremur en aldri.

Fylgigögn


- Viðtalsrammi leið B - verkefnahefti 1, 2 eða 3
- Þýðingar á tungumáli nemanda
 - Hér þarf að velja viðeigandi verkefnahefti og prenta út
 - **Verkefnahefti 1** fyrir 1.- 4. bekk (1-4 ára skólaganga):
Ljónið og refurinn, Kortið, Sporðdrekin
 - **Verkefnahefti 2** fyrir 5.-7. bekk (5-7 ára skólaganga):
Sporðdrekin, Níski maðurinn og gullið hans, Kartöfluflögur
 - **Verkefnahefti 3** fyrir 8.-10. bekk (8-10 ára skólaganga):
Sporðdrekin, Níski maðurinn og gullið hans, Kartöfluflögur, Svefn, Mjólk, Borgir heimsins
- Læsi - myndir. Sömu myndir eru notaðar í leið A og leið B
- Ritföng fyrir nemanda

Viðtal og verkefni

Farið eftir almennum viðtalsreglum. Útskýrt er að tilgangur með viðtalinu sé að fá upplýsingar um það sem nemandinn er búinn að læra svo hægt sé að skipuleggja námið. Í viðtalinu verður rætt um lestur og ritun og nokkur verkefni lögð fyrir. Það er mikilvægt að taka fram að þetta er ekki próf og hvetja til spurninga ef eitthvað er óljóst.

Verkefni leið B1

Ef þýðingar á verkefnum eru ekki til á sterkasta tungumáli nemandans kemur til greina að finna texta sem hæfir aldri hans til dæmis í samvinnu við túlk. Þegar það reynist ekki mögulegt þá eru einungis notaðar spurningar í viðtalsramma leið B1 um læsisreynslu.



Talnaskilningur

Í öðru skrefi stöðumatsins, seinni hluta, er staða nemandans í talnaskilningi könnuð. Með talnaskilningi er átt við hæfni til að nota stærðfræðilega hugsun en talnaskilningur er fyrsta þrepið í slíkri hugsun. Á fyrstu stigum grunnskólans 1.-4. bekk er áhersla á skilning talna en ekki þrautalausnir en á eldri stigum 5.-10. bekk þurfa nemendur að leysa þrautir, hafa skoðun, rökræða og rökstyðja lausnir sínar. Þessi hluti stöðumatsins metur ekki þekkingu nemandans í námsgreininni stærðfræði heldur einungis stærðfræðilega hugsun í víðara samhengi.

Hægt er að hafa til hliðsjónar hæfniviðmið í stærðfræði úr 25. kafla í aðalnámskrá grunnskóla, einkum þau sem tilheyra tölum og reikningi. Mikilvægt er að sá sem leggur fyrir talnaskilningshlutann hafi stærðfræðilega fagþekkingu til að meta og greina rökstuðning og svör nemandans. Ef nemandi hefur ekki úthald í að klára verkefnið er hægt að deila þeim niður á fleiri skipti. Ef það kemur í ljós í viðtalinu að nemandi er með meiri eða minni hæfni miðað við það skólastig sem hann fylgir þá er hægt að nýta viðtalsramma fyrir yngri eða eldri eftir því sem við á. Einnig þarf túlkur að hafa þekkingu á efninu. Á vef Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu er að finna [hugtakasafn](#) í stærðfræði.

Nemendur sem tala tungumálin darí, pastó og soraní geta verið vanir öðrum tölustafatáknum en þeim sem eru notuð á Íslandi. Í skólum sem nota þessi tungumál í kennslu eru viðkomandi tákn kennd yngri nemendum en eldri árgangar læra stærðfræði með sömu talnatáknum og eru notuð á Íslandi. Nemendur gætu einnig hafa lært þau í öðru samhengi. Fylgiskjöl eru með viðeigandi tölustafatáknum fyrir þessi tungumál til að nýta með ákveðnum spurningum í talnaskilningi í A hluta. Best er að prenta út báðar útgáfur af tölustafatáknum fyrir nemendur sem tala þessi tungumál.

Svör nemenda eru skráð í viðtalsrammann en að loknu viðtali eru upplýsingar skráðar í töflu aftast í viðtalsramma.

Leið A

Leið A er ætluð nemendum í 1-4. bekk eða með 1-4 ára skólagöngu. Eftirfarandi hæfniviðmið um tölur og reikning úr kafla 25.2 í aðalnámskrá grunnskóla (2013/2024) eiga við talnaskilning fyrir yngri nemendur:

Við lok 4. bekkjar getur nemandi notað tugakerfisrithátt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna; nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar fjórar og reiknað með náttúrulegum tölum.

Fylgigögn

- Viðtalsrammi leið A
- Hlutir:
 - Teningamyndir og talnaraðir 0-10, 11-20 og 10-100 (4 bls)
 - 18 litlir hlutir, s.s. hnappar, plastskífur eða annað
þarf að hafa a.m.k. 2 eða fleiri mismunandi eiginleika
(litur, stærð, lögun)
 - Blöð og ritföng fyrir nemanda

Viðtal og verkefni

Farið eftir almennum viðtalsreglum. Í viðtalinu er nemandi sagt að hann þurfi að svara spurningum og leysa verkefni. Markmið er ekki að fá fram réttar lausnir heldur að athuga hvort nemandi þekki grunnreikniaðgerðirnar og hafi vald á stærðfræðilegri hugsun í víðara samhengi.

Í viðtalsramma eru aðalspurningar og stundum undirspurningar miðaðar við lægra viðmið annars vegar og hærra viðmið hins vegar. Meta þarf eftir hverja aðalspurningu hvort nemandi ráði við hærra viðmið í undirspurningu annars er lægra viðmið notað. Nemandi sem svarar flestum spurningum miðað við hærra viðmið hefur líklega góðan talnaskilning. Nemandi sem svarar flestum spurningum miðað við lægra viðmið getur skort talnaskilning og þekkingu á stærðfræðihugtökum.



Leið B

Leið B er ætluð nemendum í 5-10. bekk eða með 5-10 ára skólagöngu. Eftirfarandi hæfniviðmið um tölur og reikning úr 25.2 aðalnámskrá grunnskóla (2013/2024) eiga við talnaskilning fyrir eldri nemendur:


Við lok 10. bekkjar getur nemandi notað tugakerfisrithátt, og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun staðalforms tölu; reiknað með rauntölum og nýtt sér tengsl og samhengi reikniaðgerðanna við útreikninga.

Matinu fylgir teikning sem viðtalið byggir á. Spurningarnar fjalla um raunveruleg dæmi t.d. hæð raunverulegs húss.

Athuga skal að það er ekki endilega eitt rétt svar við spurningunum heldur hægt að svara á fjölbreyttan hátt. Öll svör eru mikilvæg og rökstuðningur nemanda með svörum sínum gefur vísbendingu um hæfni í stærðfræðilegri hugsun.

Fylgigögn

- Viðtalsrammi leið B
- Hlutir:
 - Teikning (mynd af götulífi)
 - A.m.k. 12 litla hluti, s.s. hnappar, plastskífur eða annað í mismunandi litum og stærðum
 - Mynd af hellulögn
 - Mynd af hellulögn (klippt niður í búta)
 - Blöð og ritföng fyrir nemanda



Viðtal og verkefni

Fylgið almennum viðtalsreglum. Í viðtalinu er nemandi sagt að hann þurfi að svara spurningum og leysa verkefni til að sýna hvað hann kann. Markmiðið er ekki að fá fram réttar lausnir heldur að athuga hvort að nemandi þekki grunnreikniáðgerðirnar og hafi vald á stærðfræðilegri hugsun í víðara samhengi.

Í viðtalsramma eru aðalspurningar og stundum undirspurningar miðaðar við lægra viðmið annars vegar og hærra viðmið hins vegar. Meta þarf eftir hverja aðalspurningu hvort nemandi ráði við hærra viðmið í undirspurningu, annars er lægra viðmið notað. Undir ákveðnum spurningum hafa verið sett viðmið fyrir svör nemenda. Skráð er hvort svör nemenda samræmist lægra, meðal eða hærra viðmiði. Nemandi sem svarar flestum spurningum miðað við hærra viðmið hefur líklega góðan talnaskilning. Nemandi sem svarar flestum spurningum miðað við meðal viðmið hefur líklega aldurssamsvarandi talnaskilning. Nemandi sem svarar flestum spurningum miðað við lægra viðmið getur skort talnaskilning og þekkingu á stærðfræðihugtökum. Athugið að aldursbilið er breitt og gera má ráð fyrir að eldri nemendur eigi auðveldara með að ná hærra viðmiði en þau sem yngri eru.

Aðlögun vegna sérþarfa

Mikilvægt er að hafa í huga að það geti þurft að aðlaga fyrirlögn að þörfum nemanda. Þegar stöðumatið er aðlagð vegna sérþarfa nemanda getur verið gott að sérkennari sé viðstaddur.

Áfallastreita

Ef talið er að nemandi hafi upplifað mikil áföll í lífi sínu eru allar líkur á því að hann glími við áfallastreitu. Slík líðan getur valdið því að nemandi eigi erfitt með að fara í gegnum stöðumatið. Áfallastreita getur birst sem mikill pirringur, hræðsla og kvíði. Brýnt er að allt skólastarf taki mið af áfallamiðaðri nálgun.

Hreyfihömlun

Ef nemandi hefur skerta hreyfigetu gæti þurft að aðlaga verkefnin í stöðumatinu í samræmi við þarfir nemanda. Í sumum tilfellum er hægt að nýta ýmsa tækni fyrir aðlögunina. Meta þarf hvert tilfelli fyrir sig í samráði við sérkennara.

Taugasálfræðilegar sérþarfir

Ef nemandi hefur takmarkað vinnsluminni er best að fyrirmælin séu stutt og orðuð á einfaldan hátt. Ef nemandi á erfitt með einbeitingu getur verið gott að styttu hverja lotu stöðumatsins.

Heyrnarskerðing


Ef táknmál er sterkasta tungumál nemanda þá getur verið erfitt að meta lestrargetu hans. Ef það finnst táknmálstúlkur sem notar sama táknmál er mögulegt að fara í gegnum stöðumatið með nemanda.

Sjónskerðing - blinda

Hægt er að aðlaga verkefni með því að stækka texta og skerpa liti í verkefnum. Einnig er hægt að lesa texta upphátt og lýsa myndum. Þegar unnið er með upplesinn texta er eingöngu metinn hlustunarskilningur en ekki lesskilningur.

Sértækur stuðningur í námi

Meta þarf í samráði við forsjáraðila hvort nemandi þarfnist sértæks stuðnings vegna námslegra eða félagslegra sérþarfa. Mikilvægt er að slík mál fylgi þeim ferlum sem gilda í viðkomandi skóla og sveitarfélagi.



Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011 /2021.

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Greinasvið /2013 /2024.

Aronsson, K. og Ottosson, S. (1993). Lejonet och räven [Ljónið og refurinn]. Í K. Aronsson og S. Ottosson (ritstjórar), *Min läsebok Blå rosen* (2. útgáfa). Liber.

Åström, K. (2001). Skorpionen – ett spindeldjur med gadd [Sporðdrekin – margfætla með brodd]. Í S. Andersson, K. Åström og S. Rune (ritstjórar), *Boken om världen*. Liber.

Baird, M. (2010). *Emperor or imperial scorpion* [Sporðdreki] [Ljósmynd]. Flickr. <https://www.flickr.com/photos/mikebaird/5008387049/in/album-72157624872704113/>

Borgström, H. (2010). Sover kroppen när du sover? [Svefn]. Í H. Borgström (ritstjóri), *Kroppens mysterier*. Borgströms Förlag.

Carlberg, J. (2014, 11. nóvember). *Mjölken behövs till skolmaten* [Mjólk er nauðsynleg með skólamatnum] [Innsend grein]. Upsala Nya Tidning. <https://unt.se/insandare/uppsala/artikel/mjolken-behovs-tillmaten-iskolan/r46mex8j>

Crisps, Shell, Salty [Kartöfluflögur] [Ljósmynd]. (e.d.). Pixabay. https://pixabay.com/p-476359/?no_redirect

Eriksson, I-K. (1993). *Lejonet och räven* [Ljónið og refurinn] [Teikning]. Min läsebok Blå rosen (2. útgáfa). Liber.

Esóp. (1919). *Aisopos' fabler* [Dæmisögur Esóps] (Hedén, E. þýddi). Svenska andelsförlaget.

Harrison, D. (2014, 28. september). Hur länge har vi ätit potatischips? [Kartöfluflögur] [bloggfærsla]. *Historiebloggen Svenska Dagbladet*. <https://blog.svd.se/historia/2014/09/28/hur-lange-har-vi-atit-potatischips/>

International Association for the Evaluation of Educational Achievement (IEA). (1990). *En karta över en ö* [Landakort af eyju]. IEA Reading Literacy Study.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Moström, J. (2013, 10. október). *Världens städer växer allt snabbare* [Borgir heimsins stækka ört]. https://www.scb.se/sv/_Hitta-statistik/Artiklar/Varldens-stader-vaxer-alltsnabbare/

Paulsson, J. (2014, 4. nóvember). *Ge barnen havremjolk i stallet* [Gefið nemendum vatn í stað mjólkur] [Innsend grein]. Upsala Nya Tidning. <https://unt.se/insandare/uppsala/artikel/ge-barnen-havrem-jolk-i-stallet/jv1mgyyj>

Skolverket. (2023, 11. ágúst). *Kartläggning av nyanlända elevers kunskaper*. <https://www.skolverket.se/undervisning/grundskolan/bedomning-i-grundskolan/bedomning-av-nyanlanda-elevers-kunskaper-i-grundskolan/kartlaggningsmaterial-for-nyanlanda-elever-i-grundskolan>